

Nd.

88. Frumvarp til laga

[65. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Jón Sigurðsson, Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

1. C. 30 orðist svo:

*Sæmundarhlíðarvegur:* Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði á Norðurlandsveg austan Vatnsskarðs.

2. Á eftir C. 32 komi nýr liður:

*Héraðsdalsvegur:* Af Skagafjarðarvegi við Svartárbrú, hjá Reykjum, um Héraðsdal á Skagafjarðarveg við fyrirhugaða brú á Héraðsvötnum hjá Flata-tungu.

3. C. 34 orðist svo:

*Austurdalsvegur:* Af Vesturdalsvegi hjá Goðdölum, yfir Jökulsárbrú vestri að Skatastöðum og þaðan yfir væntanlega brú á Jökulsá eystri að Merkgili.

4. Á eftir C. 34 komi nýr liður:

*Kjálkavegur:* Af Skagafjarðarvegi hjá Flatatungu að Gilsbakka.

5. Á eftir C. 37 komi nýr liður:

*Hegranesvegur vestri:* Af Hofsósvégi hjá Hellulandi að Keldudal.

6. Á eftir C. 38 komi nýr liður:

*Hjaltadalsvegur:* Af Hólavegi í Kjarvalsstaðanesi, vestan Hjaltadalsár að Hrafnhóli.

7. Aftan við C. 39 bætist: með álmu um Unadal að Hrauni.

8. Á eftir C. 39 komi nýr liður:

*Sléttuhlíðarvegur:* Af Siglufjarðarvegi við Hrollaugsdalsárbrú, austan Sléttuhlíðarvatns á Siglufjarðarveg hjá Keldum.

9. Á eftir C. 40. komi nýr liður:

*Sléttuvegur:* Af Siglufjarðarvegi hjá Sléttu að Skeiði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, byggist mjólkurframleiðsla meðal annars á því, að vegir séu þannig, að unnt sé að halda uppi daglegum mjólkurflutningum allt árið. Þrátt fyrir þessa nauðsyn á enn langt í land, að vegamál Skagafjarðarsýslu komist í það horf, er mjólkurframleiðslan og aðrir framleiðsluhættir krefjast. Aðeins nokkur hluti bænda í héraðinu getur flutt mjólk að staðaldri til mjólkursamlagsins sökum vegleysis eða ófullnægjandi samgangna. Stafar þetta að nokkru af því, að tregða hefur ávallt verið á, að ríkissjóður legði sýsluvegasjóðum fé, svo sem þurft hefði til móts við framlög héraðsbúa til að standa undir kostnaði við nýlagningu og viðhald sýsluvega. Lagning sýsluvega miðar því víðast mjög lítið, og vegirnir verða ófærir, strax og tíð spillist. Mjólkurframleiðendur, sem búa við þessa vegi, verða árlega af þessum sökum fyrir þungum búsjífum. En aðrir treystast ekki til að snúa sér að mjólkurframleiðslu sökum erfiðleika við flutninga. Til þess að ráða bót á þessu, hefur Alþingi horfið að því ráði á undanförunum árum að taka sýsluvegi upp í þjóðvegatölu og létta þannig nokkuð á sýsluvegasjóðunum. Þrátt fyrir þessa viðleitni og með skírskotun til fjárskorts sýsluvegajóðs og nauðsynjar mjólkurframleiðenda teljum við flutningsmenn nauðsyn til bera, að framangreindir vegir og vegakaflar verði teknir í tölu þjóðvega. Eftir verða samt mikil verkefni fyrir sýsluvegasjóð Skagafjarðarsýslu, ef sinna á svo vel sé, vegabörf héraðsbúa.